

Sþ. 638. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um sérfræðilega aðstoð vegna búfjársjúkdóma.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita sérfræðilegrar aðstoðar hjá matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) til útrýmingar búfjársjúkdómum í landinu.

G r e i n a r g e r ð .

Á yfirstandandi Alþingi var þeirri fyrirspurn beint til landbúnaðarráðherra, hvort ekki væri líklegt, að matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna gæti veitt Íslendingum sérfræðilega aðstoð í baráttunni við búfjársjúkdóma þá, sem valdið hafa íslenskum landbúnaði þungum búsisfjum undanfarin ár. Lét ráðherrann þá skoðun í ljós í svari sínu, að hann væri því hlynntur, að slíkrar aðstoðar yrði leitað. Svipuð var afstaða sauðfjársjúkdómanefndar til málsins. Rannsóknarstöðin á Keldum virtist hins vegar ekki telja, að mikils árangurs væri að vænta af sérfræðilegri aðstoð frá umræddri stofnun.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja sjálfsagt, að freistað verði allra ráða í baráttunni gegn búfjársjúkdómunum. Þess vegna telja þeir eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi láti á ótvíræðan hátt í ljós þann vilja sinn, að leitað verði sérfræðilegrar aðstoðar landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Byggist nauðsyn þess ekki hvað sízt á því, að nokkurs skoðanamismunar hefur orðið vart á því hjá þeim aðilum, sem um sauðfjársjúkdómanna hafa fjallað, hversu mikillar nytsemdar megi vænta af slíkri ráðstöfun.